

SAMÞYKKT

um fuglaveiði í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Í Vestmannaeyjum skal lundi algerlega friðaður, bæði á Heimalandi, þar með-talinn Heimaklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum, nema á tímabilinu frá og með 11. viku sumars og þar til 17 vikur eru af sumri. Engin önnur veiðitæki má nota við lundaveiðar en lundaháf.

2. gr.

Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ. e. langvía, stuttnefja og álka, friðaður fyrir öllum öðrum veiðitækjum en háf, og veiði þeirra fugla aðeins leyfileg til jafnlengdar lundaveiðum.

3. gr.

Öll skot eru bönnuð í Vestmannaeyjum á tímabilinu 1. maí til 1. sept. ár hvert, nema til að aflifa búpening og til að eyða kjóa, svartbaki (veiðibjöllu) og hrafni í og við nytjuð fuglabjörg og til annarra brýnna nauðsynja. Einnig eru öll skot bönnuð í Vestmannaeyjum nær nytjuðum fuglabjörgum en 2 km á nefndu tímabili.

4. gr.

Þar, sem legið er við til lundaveiða í Vestmannaeyjum, skulu lundaveiðimenn taka grassvörðinn af a. m. k. 10 nýjum lundaholustæðum, hver maður á þeim stað, er fyrirliði hvers viðlegufélags álitur heppilegastan með tilliti til nývarps.

5. gr.

Hver sameign jarða eða séreign skal í upphafi lundaveiðitímans, í samráði við fuglaveiðimenn og fyrirliðakosningu þeirra innbyrðis, kjósa umsjónarmann, sem sjái um, að veiðisamþykkt þessari og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63 21. apríl 1954, sé framfylgt og hlýtt í hverju veiðimannafélagi.

6. gr.

Með brot gegn fuglaveiðisamþykkt þessari skal farið samkvæmt refsíákvæðum laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63 21. apríl 1954, VI. kafla, er gengu í gildi 1. janúar 1955.

7. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júní 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.